

1987 nr. 3 23. september**Lög um fjáröflun til vegagerðar¹⁾**¹⁾ *Birt í Stjórn. 1987, en útgáfudagur laganna er 23. september 1986.*

■ **1. gr.** [Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

a. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín,

b. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,

c. bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar,

d. eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

□ Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

□ [Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og [belta- og]¹⁾ námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.]²⁾³⁾

¹⁾ *L. 31/2000, 1. gr. ²⁾ L. 151/1998, 3. gr. ³⁾ L. 68/1996, 1. gr.*

■ **2. gr.** . . . ¹⁾ [Tekjum samkvæmt lögum þessum . . . ¹⁾ skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun [að frá-dregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara].²⁾³⁾

¹⁾ *L. 29/1993, 30. gr. ²⁾ L. 68/1996, 2. gr. ³⁾ L. 111/1992, 67. gr., sbr. þó ákvæði l. 130/1997, 14. gr.*

■ **3. gr.** [Ríkisskattstjóri annast álagningu þungaskatts og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögnum.]¹⁾

¹⁾ *L. 68/1996, 3. gr.*

■ **4. gr. A.** Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal [greiða fast gjald þungaskatts]¹⁾ sem hér segir:

[94.273 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd allt að 999 kg, 113.163 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg og [136.675 kr.]²⁾ af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg. Af bifreiðum þyngri en 2.000 kg skal gjaldið hækka um [7.819 kr.]²⁾ fyrir hver 200 kg.]¹⁾

[Af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 25% herra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.]³⁾

Eigendur bifreiða er um getur í 1. mgr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli, sbr. B-lið þessarar greinar, í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera hið sama og innheimt er af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 4,0–4,9 tonn. [Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.]²⁾

B. Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiddast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli og koma í stað árlegs þungaskatts skv. A-lið þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiddist þungaskattur á sama hátt. . . . ⁴⁾

[Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,40	18.000–18.999	15,38
5.000–5.999	6,80	19.000–19.999	16,56
6.000–6.999	7,35	20.000–20.999	17,44
7.000–7.999	7,72	21.000–21.999	18,45
8.000–8.999	8,06	22.000–22.999	19,61
9.000–9.999	8,42	23.000–23.999	20,55
10.000–10.999	8,94	24.000–24.999	21,47
11.000–11.999	9,27	25.000–25.999	22,52
12.000–12.999	10,08	26.000–26.999	23,52
13.000–13.999	10,80	27.000–27.999	24,57
14.000–14.999	11,64	28.000–28.999	25,61
15.000–15.999	12,53	29.000–29.999	26,66
16.000–16.999	13,53	30.000–30.999	27,70
17.000–17.999	14,51	31.000 og yfir	28,75 ⁵⁾

. . . ⁴⁾. . . ⁴⁾

[Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum. Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr. skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrir en að liðnum fullum tveimur árum. Þungaskattur skal vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. . . . ⁶⁾⁷⁾

. . . ⁸⁾

[Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.]⁷⁾

Öikumælur skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

[Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem öikumælir.⁹⁾ Nú er ökuriti notaður sem öikumælir og er öikumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífú) í ökuritanum.]⁷⁾

[Ríkisskattstjóri]⁷⁾ getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að öikumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn sé útbúinn öikumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

C. [Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Af bifreiðum, sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, og nýttar eru í atvinnuskyni, sbr. 2. mgr. 4. gr. A, skal vikugjaldið vera 25% herra. Af bifreiðum, sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og nýtt eru í atvinnuskyni skal greiða þungaskatt samkvæmt ákvæðum B-liðar.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

	Þungaskattur		Þungaskattur	
Eigin þyngd bifreiðar, kg	fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	fyrir hverja byrjaða viku, kr.	
Allt að 1.000	1.813	2.800–2.999	3.380	
1.000–1.499	2.176	3.000–3.199	3.531	
1.500–1.999	2.628	3.200–3.399	3.681	
2.000–2.199	2.779	3.400–3.599	3.831	
2.200–2.399	2.929	3.600–3.799	3.982	
2.400–2.599	3.079	3.800–3.999	4.132	
2.600–2.799	3.230			

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þunga-skattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.¹⁰⁾

¹⁾ L. 68/1996, 4. gr. ²⁾ L. 151/1998, 4. gr. ³⁾ L. 128/1997, 1. gr. ⁴⁾ L. 31/2000, 2. gr. ⁵⁾ L. 165/2000, 1. gr. ⁶⁾ L. 151/1998, 5. gr. ⁷⁾ L. 68/1996, 5. gr. ⁸⁾ L. 83/1998, 2. gr. ⁹⁾ Rg. 8/1996. ¹⁰⁾ L. 151/1998, 6. gr.

■ **5. gr.** Bifreið, sem í [ökutækjaskrá]¹⁾ er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir [skráningaraðila],¹⁾ að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

□ Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna [skráningaraðila]¹⁾ breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

□ Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá, hvað skattinn snertir, telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

□ [Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. gr.]¹⁾

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 7. gr.

■ **6. gr.** [Ökumaður ökutækis sem þungaskattur er greiddur af skv. B-lið 4. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

□ Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði.

□ Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið.

□ Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

□ Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að aðrar reglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 8. gr.

■ **7. gr. A.** [Þungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjald dagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember. [Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.]¹⁾ Skatturinn skal innheimtast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmarkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. ...¹⁾²⁾

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmarki bifreiðar verið afhent [Skráningarstofunni hf. til geymslu ...¹⁾].³⁾ [Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi ...¹⁾ Þá [skal ríkisskattstjóri]¹⁾ lækka eða endurgreiða fast gjald að rétttri tiltölu ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfelld vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.]⁴⁾

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

B. Þungaskatt skv. B-lið 4. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert. [Eindagar skattsins eru 15. mars, 15. júlí og 15. nóvember ár hvert.]¹⁾ Skatturinn skal greiddast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram. ...¹⁾

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til [álestaraðila]⁵⁾ á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. ...¹⁾

[Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, sbr. 6. gr., eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.]⁵⁾

[Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af ökumæli sem settur er í ökutækið. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka

án öikumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án öikumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.⁵⁾

C. Þungaskatt skv. C-lið 4. gr. skal greiða við komu bifreiðar eða vagns til landsins enda sé ökutækið ekki útbúið fullnægjandi öikumæli. Sé ökutækið útbúið öikumæli skal lesið á hann við komu og aftur við brottför og innheimta þungaskatt í samræmi við það.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag ákvörðunar og innheimtu þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt C-lið 4. gr.

¹⁾ L. 31/2000, 3. gr. ²⁾ L. 5/1987, 1. gr. ³⁾ L. 151/1998, 7. gr. ⁴⁾ L. 68/1996, 9. gr. ⁵⁾ L. 68/1996, 10. gr.

■ **8. gr.** [Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu þungaskatts.]¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 11. gr.

■ **9. gr.** Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur sem [fallinn er í eindaga]¹⁾ á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni [og tilkynna lögreglu um það þegar í stað].²⁾

□ [Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. [Óheimilt er að skrá eigendaskipti nema lesið hafi verið af öikumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur . . .]³⁾]²⁾

□ Óheimilt er að skipa út gjaldskyldu ökutæki samkvæmt C-lið 4. gr. nema sannað sé að þungaskattur af því hafi verið greiddur.

□ Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumans eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina hvar sem hún fer og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

□ . . . ³⁾

¹⁾ L. 31/2000, 4. gr. ²⁾ L. 68/1996, 12. gr. ³⁾ L. 83/1998, 4. gr.

■ **10. gr.** [Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning öikumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um öikumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

□ Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athaganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælubúnaður þess og skráning öikumans á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá öikumæla, lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þannig er heimilt að mæla heildarþyngd ökutækis, athuga ökurita eða öikumæli og hraðamæli og kanna skráningarskráir, skráningarblöð ökurita og akstursbók ökutækis. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.]¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 13. gr.

■ **11. gr.** Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. [Um ákvörðun

og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.]¹⁾ . . . ¹⁾

□ [Þungaskatti, álagi og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Jafnframt fylgir þungaskatti og álagi lögveð í viðkomandi ökutæki.]¹⁾

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 14. gr.

■ **[12. gr.** Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækjaskrá eða að fast gjald þungaskatts hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvæðar ríkisskattstjóri fast gjald.]¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ **[13. gr.** Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili, sbr. 3. gr. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af öikumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

□ Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af öikumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2.000 km á mánuði. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

□ Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal vera að hámarki 10% af fjárhæð þungaskatts. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.]¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ **[14. gr.** Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið öikumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, öikumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af öikumæli gefur til kynna skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvæðar hann skatt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvæðar hann skatt skv. 2. mgr.

□ Endurákvörðun vegna vantalinns aksturs skal nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalin, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalinns aksturs bifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalin. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

□ Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu öikumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [15. gr. Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farni hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvörðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

□ Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

□ Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvörðun þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [16. gr. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 12., 14. og 15. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákvörðun honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [17. gr. Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 3. og 13. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

□ [Endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1998, 9. gr. ²⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [18. gr. Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búíð öikumæli, skráning þess í ökutækjaskrá hafi verið röng, öikumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið, mælir talið of lítið, ekki hafi verið komið með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrar-tímabils, akstur verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða heildarþyngd ökutækis með farni hafi verið meiri en gjaldþyngd þess, skal hann greiða sekt allt að tífaldr þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Sekt samkvæmt þessari grein skal nema að lágmarki tvöfaldr þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi

verið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Séu brot stórféll eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita [fangelsi allt að 2 árum].¹⁾ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ Ef skatranssóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 1. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt, sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattýfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 19. gr.

□ Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 1. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalin skal ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kær-anleg til yfirsattanefndar innan þrjátíu daga frá póslagn-ingu ákvörðunar. Sektarfjárhæð, sem ríkisskattstjóri ákvarð-ar, dregst frá sektarfjárhæð skv. 1. og 2. mgr.

□ Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirvars-manns eða starfsmanns lögaðilans.²⁾

¹⁾ L. 82/1998, 183. gr. ²⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [19. gr. Yfirsattanefnd úrskurðar sektir skv. 1. mgr. 18. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Úrskurður yfirsattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

□ Skatranssóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

□ Sök skv. 18. gr. fynnist á sex árum miðað við upphaf rann-sóknar á vegum skatranssóknarstjóra ríkisins eða rannsókn-arlögreglustjóra ríkisins gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refs-ingar.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 15. gr.

■ [20. gr. Fjármálaráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett nán-ari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

□ Um þau atriði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lög-um þessum, fer samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðis-aukaskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.²⁾

¹⁾ Rg. 308/1996. Rg. 309/1996, sbr. 588/1998, 59/1999, 380/1999 og 466/2000. ²⁾ L. 68/1996, 15. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á öikumælum, vegna nýskráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á öikumæl-um í bifreiðar, tengi- eða festivagna ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt öikumælum.

□ Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.¹⁾

¹⁾ L. 59/1994, 1. gr.

■ II. Ákvæði laga þessara um álagningu þungaskatts, svo og um áætlun á þungaskatti og álag á skattinn ef mætt er of seint eða ekki er mætt í álestur, skulu gilda við álagningu þungaskatts vegna aksturs á öðru gjaldtímabili ársins 1996. Ákvæði laganna um skyldu til skráningar í akstursbók, eftir-gjöf þungaskatts, endurákvörðun og refsingu skulu gilda um akstur frá upphafi þriðja gjaldtímabils ársins 1996, 11. júní 1996. Ákvæði laganna um málsmeðferð vegna brota á lögum

nr. 3/1987 skulu gilda um brot sem framin voru fyrir gildistöku laga þessara.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra ætíð beitt við ákvörðun þungaskatts vegna aksturs á fyrri gjaldtímabilum, að því leyti sem þau eru ívinnandi fyrir greiðendur skattsins.¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 13. gr., brbákv. I.

■ [III. Frá og með 1. ágúst 1996 falla úr gildi heimildir sem verkstæðum hafa verið veittar til ísetningar og úrtöku öku-mæla og mælubúnaðar. Verkstæði, sem óska eftir að fá slíka heimild, skulu sækja um það til ríkisskattstjóra.]¹⁾

¹⁾ L. 68/1996, 13. gr., brbákv. II.

■ [IV. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2000.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1998, 5. gr.

■ [V. Gjaldskrár þungaskatts skv. A- og C-lið 4. gr. hækka um 2% 1. júlí 1999. Hækkunin nær þó ekki til ökutækja sem eru 0–1.499 kg.

□ Gjaldskrár þungaskatts skv. B-lið 4. gr. hækkar um 2% 11. júní 1999, að undanskildu föstu árgjaldi skv. 3. másl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. Hækkun gjaldsins fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok annars álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1998, 10. gr.

■ [VI. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 4. gr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja að greiða

gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 63.333 km á öðru og þriðja gjaldtímabili í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk fasts árgjalds skv. 3. másl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laga þessara. Heimildin skal einungis veitt að mætt hafi verið í álestur á tímabilinu 20. janúar – 10. febrúar 1999 og umsókn borist ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar 1999.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1998, 10. gr.

■ [VII. Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. másl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

□ Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. júní 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

□ Þeir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.]¹⁾

¹⁾ L. 31/2000, brbákv.

■ [VIII. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar, sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2002.]¹⁾

¹⁾ L. 165/2000, 2. gr.